



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Hótel- og matvæðaskólinn
Leiðsöguskólinn

Námsframboð og innritun

Glærur frá aukakynningu 27. apríl

Námsleiðir í MK



- Í **Menntaskólanum í Kópavogi** eru fjórar brautir til stúðentsprófs ásamt framhaldsskólabrú og sérnámsbraut. Við skólann er einnig starfrækt öflugt afreksípróttasvið.
- **Hótel- og matvælasúkólinn** býður upp á nám í grunndeild matvæla- og ferðagreina (GMF) ásamt samningsbundnu iðnnámi í bakstri, framreiðslu, kjötiðn og matreiðslu. Auk þess er boðið upp á meistaranám, matsveinanám og matartæknanám.
- **Leiðsöguskólinn** hefur verið starfræktur í húsnæði skólans frá árinu 1976 og er boðið upp á tvö kjörsvið; almenna leiðsögn og gönguleiðsögn.



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Hótel- og matvæðaskólinn
Leiðsöguskólinn

Stúðentspróf

- Stúðentsprófið er 202 einingar en 203 einingar fyrir þá nemendur sem velja afreksípróttasvið með bóknámsbraut.
- Stúðentsbrautir eru þriggja ára brautir þar sem miðað er við að nemandi ljúki 30-35 einingum á önn.
- MK er áfangaskóli og **algengt er að nemendur taki námið á lengri tíma** og þá 25-30 einingar á hverri önn allt eftir því sem hentar hverjum og einum.
 - Nemendur fá aðstoð frá umsjónarkennurum, áfangastjóra og námsráðgjöfum við skipulagningu námsins og val á hverri önn.
 - Nemendur eru með umsjónarkennara fyrstu tvö árin í bóknámi og í GMF.
- Ef nemendur finna sig ekki á þeirri stúðentsbraut sem þeir völdu í byrjun er hægt að skipta um braut. Það getur haft áhrif á námstíma til útskriftar.
 - Engar fjöldatakmarkanir eru inn á brautir nema framhaldsskólabrú og GMF.



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Hótel- og matvælasúólínn
Leiðsögusúólínn

Bóknámsbrautir

- **Raungreinabraut**
 - Náttúrufræðibraut með áherslu á eðlisfræði, efnafræði, líffræði, jarðfræði og stærðfræði.
- **Félags- og hugvísindabraut**
 - Áhersla á félagsfræði, sögu, sálfræði og tungumál.
- **Viðskipta- og hagfræðibraut**
 - Áhersla á viðskiptagreinar, hagfræði og stærðfræði.
- **Opin braut**
 - Áhersla á kjarnagreinar en nemendur byggja einnig upp sterkan þekkingargrunn í samræmi við eigin áhugasvið sem tryggir réttan undirbúning fyrir það framhaldsnám sem stefnt er á.
- **Framhaldsskólabrú**
 - Býr nemendur sem ekki hafa náð tilskyldum árangri á grunnskólaprófi undir frekara nám eða atvinnulífið. Brautin er þrjár annir og er lögð áhersla á kjarnagreinar.
 - Hægt er að ljúka brúnni á styttri tíma ef nemendur standa sig vel.

Allar bóknámsbrautir geta tengst afreksíþróttasviði.

Afreksíþróttasvið MK

- Kröfuhart nám fyrir metnaðarfullt íþróttafólk með miklum stuðningi kennara og námsráðgjafa. Skilyrði að æfa og keppa innan íþróttafélaga.
- Nemendur velja sér stúdentsbraut eftir eigin áhugasviði og klára kjarnafög og bundið val af sinni braut.
 - Það er einnig hægt að vera á afrekssviði með framhaldsskólabrú, GMF og sérnámsbraut.
- Afreksáfangi kemur í stað valáfanga og íþróttáfanga; fimm eininga áfangi í sex annir, samtals 30 einingar.
- Gerðar eru sömu kröfur námslega til nemenda á afreksíþróttasviði og annarra nemanda og þannig geta þau valið sér framhaldsnám eftir áhuga og árangri.



Grunndeild matvæla- og ferðagreina

- Nám í **GMF** er tvær annir og að því loknu fara flestir nemendur í samningsbundið iðnnám í matvælagreinum (bakstur – framreiðsla – kjötiðn - matreiðsla).
 - Nám í GMF jafngildir 1. bekk í bóklega hluta iðnnáms og fara nemendur því beint í 2. bekk þegar þau koma næst inn í skólann.
 - Að loknu iðnnámi í matvælagreinum geta nemendur farið í meistaranám í sinni sérgrein.
 - Nemandi getur bætt við sig bóknámi að loknu iðnnámi og tekið iðnstúdentspróf eða stúdentspróf.
- Kenndir eru undirstöðuþættir í þeim fjórum matvælagreinum sem kenndar eru í skólanum auk áfanga í næringarfræði, þjónustusamskiptum, örverufræði, öryggismálum og skyndihjálp.
- Kenndar eru kjarnagreinar á 2. þrepi og hægt er að meta þá áfanga inn á aðrar brautir.
 - Nemendur geta sótt um bóknám að loknu tveggja anna námi í GMF og fá metna þá áfanga sem passa inn á stúdentsbraut.
 - Nemandi sem stendur sig vel hefur forgang umfram aðra umsækjendur í bóknám haustið eftir námslok í GMF.

Innritun nýnema haustið 2026

Umsóknartímabil nýnema: 24. apríl – 10. júní

- Innritaðir eru 250 nýnemar úr 10. bekk.
 - 166 nemendur á stúðentsbrautir (engar fjöldatakmarkanir á hverja braut fyrir sig)
 - 36 nemendur á framhaldsskólabrú
 - 48 nemendur í grunndeild matvæla- og ferðagreina (GMF).
- Af þessum 250 nemendum eru u.þ.b. 90-100 teknir inn á afreksíþróttasvið.
 - Nemendum er fyrst raðað inn í skólann á stúðentsbraut/framhaldsskólabrú/GMF og svo er afreksumsókn metin.
- Nemendur eru innritaðir á grundvelli einkunna úr grunnskóla miðað við inntökuskilyrði á hverja braut.

Stúdensnám - inntökusúlyrði

- Miðað er við að umsækjandi hafi fengið einkunnina A, B+ eða B í íslensku/ísan, stærðfræði og ensku við lok grunnskóla.
- Hafi umsækjandi einkunn undir því viðmiði (C+) getur hann innritast á stúdensbraut en tekur áfanga á fyrsta þrepi í viðkomandi grein-/um.
 - Einingar í dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði á fyrsta þrepi teljast ekki með til stúdensprófs.
- Umsækjendur með einkunnina C eða D í íslensku/ísan, stærðfræði eða ensku innritast á framhaldsskólabrú. Að minnsta kosti **tvær einkunnir** þurfa að vera C eða D.
- Súlyrði til að innritast á afreksípróttavið er að umsækjandi æfi íprótt undir handleiðslu þjálfara og þurfa meðmæli frá þjálfara að fylgja umsókn.
 - Þjálfari skilar meðmælum á eyðublaði á heimasíðu MK



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Hótel- og matvælasúkólinn

Leiðsögusúkólinn

GMF - inntökusúlyrði

- Umsækjendur skulu hafa lokið grunnskólaprófi eða ígildi þess og miðað er við einkunnina C+ og hærra.
- Til að hefja nám á 2. hæfniprepi í kjarnagreinum, þarf umsækjandi að hafa náð einkunninni B við lok grunnskóla eða lokið fyrsta þreps áfanga í þeim greinum.
- Hafi umsækjandi einkunn undir því viðmiði (C+) getur hann innritast í grunndeild matvæla- og ferðagreina en tekur áfanga á fyrsta þrepi í viðkomandi grein/um.
- Ef nemandi er með tvær einkunnir C og/eða D í kjarnagreinum er honum boðið pláss á framhaldsskólabrú ef hann raðast þangað inn. Svo er hægt að færa nemanda yfir á GMF ári seinna ef súlyrði eru uppfyllt.

Úrvinnsla umsókna

- Einkunnir eru umreiknaðar í stig við úrvinnsluna og eru nemendur með flestu stigin í íslensku/ísan, stærðfræði og ensku í forgangi.
- **Tvöfalt vægi** er á einkunnum í íslensku/ísan og stærðfræði.
- Dæmi um umsækjanda:
 - Íslenska B+ 3,75 stig x2 = **7,5 stig**
 - Stærðfræði B 3 stig x2 = **6 stig**
 - Enska A 4 stig

Þessi umsækjandi er þá með 17,5 stig (af 20 mögulegum stigum)





MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Hótel- og matvælasúskólinn
Leiðsögusúskólinn

Röðun umsókna

- Nemendum er raðað eftir stigum miðað við þrjár kjarnagreinar (íslensku/ísan, stærðfræði og ensku).
 - Valröð skóla í umsókn skiptir EKKI máli við röðun nýnema.
- Ef margir eru jafnir, raðast þeir ofar innan hópsins sem:
 1. hafa flest stig í Norðurlandamáli ef sú einkunn er til staðar.
 2. búa í Kópavogi.
 3. sækja um á afrekssviði skólans og geta framvísað meðmælum frá íþróttafélagi.
 4. hafa flest samanlögð stig í náttúrufræði og samfélagsfræði.
- Af þeim 250 plássum sem laus eru fyrir nýnema eru tryggð:
 - 36 sæti fyrir nemendur sem uppfylla skilyrði framhaldsskólabrúar.
 - 48 sæti fyrir þá sem sækja um grunndeild matvæla- og ferðagreina og uppfylla skilyrði.

Úrvinnsla vegna umsóknarbrauta

- Nemendur sækja um stúdentsbraut en uppfylla skilyrði fyrir framhaldsskólabrú:
→umsóknarbraut er breytt í framhaldsskólabrú fyrir röðun.
- Nemendur sækja um framhaldsskólabrú en uppfylla skilyrði fyrir stúdentsbraut:
→umsóknarbraut er breytt í stúdentsbraut fyrir röðun.
- Ef nemendur sækja um GMF en uppfylla ekki skilyrði er þeim boðið pláss á framhaldsskólabrú ef þau skilyrði eru uppfyllt.
 - Nemendur hafa svo forgang á GMF að lokinni framhaldsskólabrú ef námsárangur er góður.
- Athugið að nemendur sem hefja nám á GMF geta EKKI skipt yfir á stúdentsbraut um áramótin.
 - Nemendur þurfa að ljúka námsbrautinni (tvær annir) og get svo sótt um stúdentsbraut.
 - Nemendur sem ljúka GMF hafa forgang á stúdentsbrautir ef námsárangur er góður.



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Hótel- og matvælasúkólinn

Leiðsögusúkólinn

Að lokum

- Veljið þrjá skóla miðað við hvernig þið uppfyllið inntökuskilyrði
 - Það eru allir framhaldsskólar landsins góðir og með sambærilegt stúðentsnám.
 - Veljið skynsamlega þannig að þið eigið möguleika að komast inn í einn af þessum þremur skólum.
- Valröð skiptir ekki máli fyrir nýnema við inntöku í MK
 - Velja skóla í þeirri röð sem þið viljið helst komast inn í.
 - Fyrst reynir kerfið að koma nemanda í fyrsta val, svo annað og að lokum þriðja.
 - Ef nemandi kemst ekki inn í 1.-3. val þá er nemandi úthlutað pláss í fjórða skólanum.
- Ef nemendur sækja um annan skóla síðar þá skiptir valröð máli
 - Skólar geta bara unnið með umsóknir eldri nema eftir valröðinni.
 - Skólinn í fyrsta vali samþykkir eða hafnar umsókn.
 - Skólinn í öðru vali getur ekki samþykkt umsókn fyrr en fyrsta val hefur hafnað umsókninni.



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Hótel- og matvælasúkólinn

Leiðsögusúkólinn

Nemendapjónusta

- Við Menntaskólan í Kópavogi er rekið öflugt þjónustunet fyrir nemendur <https://www.mk.is/thjonusta>
- Við skólan starfa þrír **náms- og starfsráðgjafar**.
 - Hlutverk þeirra er að aðstoða nemendur með allt sem getur haft áhrif á nám þeirra og námsárangur eins og náms- og starfsval og persónuleg mál.
 - Nemendur bóka viðtöl hjá námsráðgjafa í gegnum heimasíðu skólans
- **Sálfræðingur** skólans og **skólahjúkrunarfræðingur** sinna nemendum þeim að kostnaðarlausu.



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Hótel- og matvæðaskólinn
Leiðsöguskólinn

Nánari upplýsingar um innritun á www.innritun.is

Innritun eldri nema: 13. mars – 26. maí

Innritun nemenda úr grunnskóla: 24. apríl – 10. júní